

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

845. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 29. september 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Stefán E. Böðvarsson, aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Dagskrá:

1. Jöfnunarsjóður, fundarboð.
2. Erindi „Við stólum á þig“
3. Bréf Skógræktarfélags V- Húnavatnssýslu
4. Erindi Eiríks Pálssonar.

Afgreiðslur:

1. **Lagt fram til kynningar fundarboð á ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**, sem haldinn verður miðvikudaginn 8. október nk. á Hilton Reykjavík Nordica og hefst kl. 16:00
2. **Lögð fram beiðni um stuðning við verkefnið „Við stólum á þig“** dags. 15. sept. sl. Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2015.
3. **Lögð fram styrkbeiðni frá Skógræktarfélagi V- Húnavatnssýslu** dags. 18. september sl. Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2015
4. **Lagt fram tölvupóstbréf frá Eiríki Pálssyni** dags 22. september sl. þar sem hann óskar eftir að fá að leggja vatnslögn og tengjast gömlu vatnsbóli á Ytri-Völlum til notkunar á „Rikkablettinum“ landnúmer 213-4566. Erindinu vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.
5. **Hitaveita-vinnuhópur.** Byggðarráð samþykkir að skipa Stefán Böðvarsson, Elínu R. Líndal Guðnýju Hrund Karlsdóttur og Ólaf H. Stefánsson í vinnuhóp um gjaldskrármál og framkvæmdaáætlun hitaveitu í Húnaþingi vestra. Samþykkt að taka á dagskrá.
6. **Tilboð í Laugarbakkaskóla.** Oddviti Unnur Valborg Hilmarsdóttir mætti til fundar og kynnti nýtt tilboð sem borist hefur í Laugarbakkaskóla og tilheyrandi eignir. Sveitarstjóra og oddvita falið að afla frekari upplýsinga vegna tilboðsins.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:28

Stefán Böðvarsson

Elín R. Líndal

Elín Jóna Rósinberg.

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir